

SAMANTEKT SBR. GR. 10.3 Í REGLUGERÐ NR. 785/1999 VEGNA ENDURNÝJUNAR STARFSLEYFIS FISKIMJÖLSVERKSMIÐJU ESKJU Á ESKIFIRÐI

Núgildandi starfsleyfi tók gildi 23. september 2003 og gildir það til 1. febrúar 2015. Verulegar breytingar hafa verið gerðar á verksmiðjunni á þessu tímabili, sem fela aðallega í sér að verksmiðjan hefur öll verið rafvædd, þannig að er nú notað rafmagn sem orkugjafi og jarðefnaeldsneyti er nú einungis notað sem varaafli. Jafnframt hefur verið reistur nýr skorsteinn, nýr hreinsibúnaður fyrir útblástur, ný fituskilja, verksmiðjuhús endurbyggt og nýtt starfsmannahús byggt.

NÚVERANDI STARFSEMI VERKSMIÐJUNNAR

Fiskimjölverksmiðja Eskju á Eskifirði er á hafnarsvæði bæjarins, fyrir botni fjarðarins á skipulögðu iðnaðar- og hafnarsvæði. Vinnslutími er allt árið og fer löndun og útskipanir afurða fram á verksmiðjusvæðinu.

Leyfileg hámarksafköst verksmiðjunnar í dag eru 1.000 tonn af hráefni á sólarhring. Óskað er áfram eftir 1.000 tonna hámarksafköstum í nýju starfsleyfi með möguleika á heimild fyrir framleiðslu úr allt að 1.300 tonnum af hráefni á sólarhring. Afkastaaukningu upp á allt að 300 tonn af hráefni á sólarhring er mögulegt að ná með uppsetningu nýs gufuforþurrkara og með enn betri nýtingu á varma í verksmiðjunni.

Síðastliðin þrjú ár hefur verksmiðjan tekið á móti 45.000-85.000 tonnum af hráefni á ári, aðallega loðnu og kolmunna auk loðnu-, síldar- og makrílafskurðar frá vinnsluskipum og frystihúsi.

Verksmiðjan er eingöngu keyrð á rafmagn en olía er notuð sem varaafli. Allt mjöl er þurrkað í rafhituðum heitloftspurrkurum. Gufa er nú framleidd í 10 MW rafskautakatli. Rafmagnnið inn á rafkatlana og heitloftspurrkarana er svokölluð ótryggð raforka og eru olíukatlar og olíulofthitari notaðir þegar skortur er á rafmagn.

Í verksmiðjunni eru þrjár klórturnar og einn þvottaturn sem taka við öllu afsogslofti. Einn klórturn er fyrir afsog af verksmiðjuhúsi, annar fyrir afsog af mjölkæli og mjölkvörn og sá þriðji fyrir umframloft frá heitloftspurrkara. Að auki er afsog af tækjum tekið í nýjan þvottaturn og þaðan með umframloft frá þurrkurum í gegnum klórturn. Loftið frá klórturnunum og þvottaturninum er svo leitt út um 42 m háan reykþáf.

Vinnslan fékk í ársbyrjun 2004 FEMAS vottun á framleiðslu sína fyrst verksmiðja á Íslandi. Einnig er verksmiðjan IFFO RS vottuð og HC vottuð. Skilað er árlega inn „Grænu bókhaldi“ til Umhverfisstofnunar. Skilað er inn til eftirlitsaðila niðurstöðum frárennismælinga.

Gæðakröfur í vinnslunni eru miklar og rekur verksmiðjan eigin rannsóknastofu auk þess að styðjast við HACCP gæðakerfi sem tryggir að afurðir Mjöl- og lýsisvinnslunnar séu ávallt af þeim gæðum sem viðskiptavinir hennar óska. Að auki eru send sýni til Matís, til mælinga á salmónellu, iðragerlum og rotamínunum, sem og sýni reglulega af lýsi til mælinga á dioxini, PCB og öðrum óæskilegum efnum. Haldið er utan um allar gæðaskráningar.

Viðbragðsáætlun er til staðar vegna hugsanlegrar hættu bráðrar mengunar og er áætlunin aðgengileg öllum starfsmönnum.